


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>ENS 293</b>	
Síða 1 af 2	<b>Kennsluáætlun vorönn 2015</b>	

<b>Kennari</b>	Anna Berglind Pálmadóttir	<b>Sk.st.</b>	ABP
----------------	---------------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Markmið áfangans er að gera nemendur hæfa til náms í ENS102. Lögð er áhersla á nám í grunnatriðum enskrar málfræði auk þess sem markvisst er unnið að eflingu orðaforða, tjáningu og sjálfstæðis í vinnubrögðum. Einnig verður rifjuð upp námstækni greinarinnar og notkun orðabóka. Mikið er lagt upp úr virkri þátttöku nemenda í kennslustundum. Aukið er við fjölbreytni lestexta með heildarskilning að markmiði með lestri styttri texta, léttlestrarbóka og leikrita. Í þessum áfanga reynir auk þess meira á skriflega færni nemenda í að tjá sig um ýmis málefni tengd náminu og áhugasviði þeirra.


**Markmið:** Að nemandi nái það góðri kunnáttu í tungumálinu að hann sé fær um að hefja nám í ENS102.

### Námsgögn:

*Foundations of English 293* (fæst á skrifstofu VMA)  
 Ýmis gögn sem kennari leggur til hverju sinni.

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Efni
2	Kynning og almenn upprifjun.
3-5	Kafla 1 í <i>Foundations of English 293</i> , lestur, ritun og málfræði (sögnin <i>to be</i> í nútíð og þátíð) auk hlustunarefnis.
6	Byrjað á kafla 2 í <i>Foundations of English 293</i> (þátíð sagna, stigbreyting lýsingarorða o.fl.)
7	Þemavika
8-9	Haldið áfram með kafla 2 auk hlustunarefnis.
10-13	Kafla 3 í <i>Foundations of English 293</i> , lestur, ritun og málfræði (have <i>to/must</i> sem og annað tilfallandi í málfræði) auk hlustunarefnis.
15-17	Kafla 4 í <i>Foundations of English 293</i> , lestur, ritun og málfræði (persónufornöfn, eignarfornöfn, <i>some/any</i> ) auk hlustunarefnis.
18	Upprifjun

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>ENS 293</b>	
Síða 2 af 2	<b>Kennsluáætlun vorönn 2015</b>	

### Verkefni:

Eftir hvern kafla er próf sem byggir á málfræði og orðaforða. Einnig verða þrjú ritunarverkefni gerð heima og/eða í tímum. Auk þess verða lögð fyrir tvö orðaforða-verkefni og tvö lesskilningsverkefni sem unnin eru í tímum. Vinna í þemaviku er metin til lokaeinkunnar en einnig verða unnin verkefni úr léttlestrarbókum sem lesnar verða í tímum og heima.

### Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Vægi
Kaflapróf eftir 1., 2. og 3. kafla (3x6%)	18%
Orðaforðaverkefni (2x3%)	6%
Lesskilningur (2x3%)	6%
Ritunarverkefni, (3x3%)	9%
Hlustun (1x3%)	3%
Verkefni tengt þemaviku	10%
Verkefni úr léttlestrarbók	8%
Lokapróf	40%

Lágmarkseinkunn er 5 og skal hver nemandi ná henni bæði í lokaeinkunn og prófseinkunn. Það þýðir að námseinkunnir reiknast ekki með í annareinkunn nema nemandinn nái einkunninni 5 (þ.e. 45 til 54% markmiða náð) á lokaprófi.

**Dagsetning: 03.01.2015**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils